

Lagt var til að daggjöld á afrétti árið 2025 verði 20.738 krónur. Miðað yrði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda. Daggjöld árið 2024 voru 20.002 krónur. Undanfarin ár hafa daggjöld verið framreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í júlí 2024 var 633,2 stig en var í júní 2025 656,5 stig.